

Hjalti Viðarsson, dýralæknir
Flora-Josephine H. Liste, dýralæknir
Höfðagötu 18, 340 Stykkishólmi

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Þingmál 283 - umsögn um frumvarp til laga um dýravelferð

Við undirrituð höfum kynnt okkur frumvarp til laga um dýravelferð og gerum eftirfarandi athugasemdir:

III Kafli Almenn ákvæði um meðferð dýra.

7. gr.

Í 3. málsgrein 9. gr. laga um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr kemur fram að dýralækni **ber** að veita fyrstu nauðsynlega læknishjálp í skyndilegum sjúkdóms- eða slysatilfellum. Í þessu sambandi teljum við nauðsynlegt að koma upp **sjóði** hjá Matvælastofnun sem hafi það hlutverk að greiða kostnað dýralækna vegna neyðarhjálpar náist ekki að innheimta hann hjá dýraeiganda eða ef um villt dýr er að ræða. Ráðherra ætti að vera veitt heimild til að setja reglugerð um slíkan sjóð.

IV. Kafli Leyfi og eftirlit

11.gr Leyfisskylda

Við teljum leyfisskyldu ekki ná að þjóna tilgangi sínum þar sem ólíklegt er að nægt fjármagn fái til að framfylgja ákvæðinu af hálfu hins opinbera, auk þess sem leyfisveiting gæti haft þau áhrif að dýraeiganda finnist að ábyrgð hans á dýrhaldinu sé að hluta varpað yfir á MAST þar sem hann hafi jú fengið leyfi.....

V. Kafli Meðferð og meðhöndlun dýra

15. gr. varðandi sársaukafullar aðgerðir án deyfingar

d. gelding grísa yngri en vikugamalla samfara verkjastillandi lyfjagjöf.

Verkjustilling er notuð til að minnka eftirköst af aðgerð til að minnka bólgur og til að sár gróa betur. Svæfing eða staðdeyfing er nauðsynleg ef framkvæma á geldingu á mannúðlegan hátt. Lítil rök eru fyrir að þess þurfi ekki hjá ungum grísimum frekar en öðrum dýrum. Þar fyrir utan er ómögulegt að hafa eftirlit með því hvort grísir séu yngir enn viku gamlir þegar þeir eru geltir.

Vert er að benda á að stefnt er á það innan EB að banna geldingar á ódeyfðum grísimum innan 2015.

Í **20.gr.** er veitt heimild til drekkja minkum.

Við teljum þetta ákvæði stangast á við dýravelferð og ætti a.m.k. ekki að leyfa nema í því skyni að útrýma stofninum og þá í samstilltu átaki á vegum hins opinbera.

XI Kafli Stjórnvaldsfyrirmæli og viðurlög

33.gr.

Í frumvarpinu:

Matvælastofnun er heimilt að fara á hvern þann stað þar sem dýr eru haldin til að kanna aðstæður og aðbúnað þeirra og við beitingu þvingunarúrræða. Í því felst meðal annars heimild til sýna- og myndatöku og skoðunar og ljósritunar gagna. Ekki er þó heimilt að fara í þessum tilgangi í íbúðarhús, útihús eða aðra þvilika stadi án samþykkis eiganda eða umráðamanns húsnæðisins nema að fengnum dómsúrskurði, sbr. þó 2. mgr.

Í strjálbýli er þetta mjög umhendis.

- Eftirlit þarf að geta verið óboðað (boðað = tækifæri að fela brot)
- Langar filuferðir (=kostnaðarsamt)
- Oft erfitt eftirlit þar sem aukamannskapur er kominn að til að aðstoða
- Bara einn dómari í héraði, ef hann er ekki við getur það tekið marga daga að fá dómsúrskurð (=mjög mikinn tíma til að laga/fela brot)

34.gr Þvingunarúrræði

Greinin er í heild og löng og óskýr. Hér þarf að hafa skýrari og einfaldari úrræði.

XI Kafli Gildistaka o.fl.

42. gr. 2.tl. b sem fjallar um breytingu á 2. gr. laga nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

Við leggjum mikla áherslu á að orðin “**aukinni arðsemi búfjár**” verði tekin út.

Þetta ákvæði teljum við alls óviðeigandi og er eiginlega í andstöðu við dýravelferð, þar sem aukinn arðsemi búfjár er oftast en ekki á kostnað velferðar dýra. Það er með ólíkindum að þetta atriði skuli hafa ratað inn í drög að dýraverndarlögum.